



Formenn á förnum vegi Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, hinn Davíð Oddsson, fyrrverandi formann og ráðherra, nú forsetaframbjóðanda, þar sem báðir voru í viðtali á Sprengisandi Bylgjunnar í gærmorgun. Í þættinum greindi Davíð frá ákvörðun sinni um að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framundan er söguleg barátta

Davíð Oddsson gefur kost á sér í embætti forseta. Andri Snær segir valmöguleikana skýra og fólk eigi kost á nýrri framtíðarsýn. Ólafur Ragnar svarar því ekki með vissu hvort hann verði í framboði í sumar.

STJÓRNMÁL „Ég sjálfur er þannig að langstærstur hluti þjóðarinnar þekkir mig mjög vel. Þekkir vonandi mína kosti og þekkir vel mína mörgu galla,“ sagði Davíð Oddsson, ritstjóri og fyrrverandi forsætisráðherra, í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Þar tilkynnti hann að hann ætlaði að sækjast eftir embætti forseta Íslands í komandi forsetakosningum. Þá var Ólafur Ragnar Grímsson sitjandi forseti í viðtali á Eyjunni í gær. Þar gat hann ekki svarað með vissu hvort hann yrði á kjörseðlinum í sumar í ljósi nýrra framboða til embættisins.

„Það verður bara að koma í ljós

hvað ég geri,“ sagði Ólafur aðspurður um veru hans á kjörseðlinum. Ólafur sagðist ekki hafa rætt við Davíð fyrir framboðstilkynningu þess síðarnefnda.

„Þetta stefnir í epíska kosningabaráttu. Söguleg ef ekki þjóðsöguleg kosningabaráttu,“ segir Andri Snær Magnason, rithöfundur og forsetaframbjóðandi, um tíðindi gærdagsins. „Ég hafði ekki búist við því að þessir tveir risar forðarinnar myndu mætast á sama velli aftur,“ segir hann.

Þá hafi framboð Davíðs breytt landslaginu fyrir kosningar. „Ég held að framboð hans búi til miklu

Hann er einn umdeildasti stjórnmálamaður síðustu aldar og það er alltaf líf og fjör í kring um Davíð.



Guðni Th. Jóhannesson forseta-

skarpari línur og skarpari valkosti fyrir kjósendur. Eg held að fólk viti hvar hann stendur í bæði lýðræðis- og umhverfismálum og hver hans sýn er á leiðtogahlutverkið.“

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur og forsetaframbjóðandi, tekur vel í framboð Davíðs og er sammála Andra Snæ um að framundan sé sögulegar kosningar.

„Hann er einn umdeildasti stjórnmálamaður síðustu aldar og það er alltaf líf og fjör í kring um Davíð,“ segir Guðni.

Guðni vill ekki meta eigin stöðu eftir framboð Davíðs. „Ég velti ekki vöngum yfir því. Eg velti því bara fyrir mér hvað ég hef fram að færa, hver mín sjónarmið eru og hvernig mér tekst að fá fólk í landinu til að styðja þau,“ segir Guðni.

– srs / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Alda Dís Arnardóttir söngkona skellti sér í hringferð um landið ásamt Guðmundi Reyni Gunnarssyni og Aroni Steinþórssyni í staðinn fyrir Eurovision. **26**



FRÉTTIR Fjárhagsáhyggjur plaga 30 prósent fólks. **4**

SKOÐUN Skúli Helgason skrifar um leikskólaaldur barna. **10**

SPORT Gunnar Nelson var frábær í búrinu í Rotterdam. **12**

TÍMAMÓT Í dag verður haldið upp á 21 árs afmæli Neistans með sundferð. **14**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK

• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HAPDRÆTTI

VILTU VINNA ÍBÚÐ?

DRÖGUM ÚT 51.000 VINNINGA Á ÁRINU!


SEX ÍBÚÐIR Í POTTINUM

AD VERÐMÆTI 30 MILLJÓNIR HVER!

DREGIÐ Á MORGUN!

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

Veður



Hæg breytileg átt og víða léttskýjað í dag, en suðvestan gjóla og þykkar upp norðvestan til síðdegis. Hiti allt að 13 stigum sunnanlands yfir hádaginn en heldur svalara norðanlands. **SJÁ SÍÐU 18**



Mótmæli í Aþenu gegn nýjustu aðhaldsaðgerðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Frekara aðhaldi er mótmælt í Grikklandi

GRIKKLAND Fulltrúar Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma saman í Brussel í dag til að leggja blessun sína yfir nýjustu aðhaldsaðgerðir grísku stjórnarinnar.

Þúsundir manna héldu út á götur í Aþenu í gær til að mótmæla aðgerðunum, áður en þær voru bornar undir atkvæði í gríska þinginu.

Þær snúast meðal annars um að lækka hámarkslífeyrisgreiðslur og hækka skatta á meðal- og hátekjur.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að gríska stjórnin hafi að mestu náð þeim markmiðum, sem stefnt var að með fjárhagsaðstoðinni frá ESB og AGS.

Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, segir hins vegar að enn séu veruleg göt í þeim aðgerðum, sem halda á út í. – *gb*

Rafstöðvar eru orðnar fleiri

SAMGÖNGUR Hledslustöðvar fyrir rafmagnsbíla eru nú fleiri en bensínstöðvar í Japan. Notkun rafmagnsbíla hefur aukist þar stöðugt og stjórnvöld sett upp rúmlega 40 þúsund hledslustöðvar, þar af tæplega þrjú þúsund í síðasta mánuði.

Flestar eru opnar almenningi en nokkrar eru í einkaeigu. Bensínstöðvar eru rúmlega 34 þúsund. Bensínbílar eru þó enn töluvert fleiri en rafmagns- eða vetnisbílar í landinu en búist er við að það breytist á næstu árum. – *sg*

Mæðradagsgleði



Hljómsveitin Fjallabræður fagnaði mæðradeginum í gær með tvennum tónleikum í Gamla bíói. Þá var líka efnt til mæðradagsgöngunnar Göngum saman í tilefni af deginum, en markmið hennar var að vekja athygli á rannsóknum á orsökum og eðli brjóstakrabbameins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bílar í stæðum fyrir utan Flugstöð Leifs Eiríkssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hækkun hefur engin áhrif haft

SAMGÖNGUR Hækkun daggjalds á langtímastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar virðist ekki hafa áhrif á fjölda flugfarþega sem nýta sér flugrútu til þess að komast að og frá flugstöðinni.

Þetta kemur fram á vefnum Turisti.is. Daggjaldið hækkaði í byrjun apríl úr 950 í 1.250 krónur.

Samkvæmt upplýsingum Isavia verða forsvarsmenn flugvallarins heldur ekki varir við minni notkun flugstöðvargesta á bílastæðunum en það eru að mestu leyti bílar farþega sem búsettir eru á Íslandi sem lagt er í langtímastæði. – *gló*

SP til Íslands vegna sáttmála gegn spillingu

Tilmæli samtaka ríkja gegn spillingu eru ekki öll uppfyllt hér á landi.

FJÁRMÁL Fulltrúar Fikniefna- og sakamálskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, SP, eru væntanlegir hingað til lands síðar í þessum mánuði í tengslum við úttekt á því hvernig Sáttmáli SP gegn spillingu, sem Ísland er aðili að, endurspeglast í íslenskum lögum og framkvæmd þeirra.

Það matsferli er gagnlegt fyrir stefnumótun og lagasetningu hér á landi, að því er kemur fram í skriflegu svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn um starf stýrihóps á vegum innanríkisráðherra, um eftirfylgni við innleiðingu á alþjóðlegum samningum gegn mútum og spillingu.

Starf hópsins, sem starfað hefur í tæpt ár, hefur einkum snúist um að veita íslenskum stjórnvöldum ráðgjöf og gera tillögur um viðbrögð við tilmælum alþjóðlegra stofnana á þessu sviði. Auk eftirfylgni frá SP hefur Ísland fengið tilmæli frá vinnuhópi OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og GRECO, samtökum ríkja gegn spillingu innan Evrópuráðsins. Tilmæli GRECO í fjórðu skýrslunni um Ísland snerust um að fyrirbyggja spillingu og hagsmunaárekstra hjá alþingismönnum, dómurum og ákærendum.

Ísland hefur nú orðið að fullu við tvennum tilmælum GRECO og uppfyllt sex að hluta, þar með talin tilmæli um að alþingismenn setji sér síðareglur, að því er kemur fram í svari innanríkisráðuneytisins. Þar er bent á að síðareglur alþingismanna hafi verið samþykktar á Alþingi í mars skömmu eftir að skýrsla Íslands var formlega tekin fyrir hjá GRECO. Þess vegna hafi ekki verið tekin formleg afstaða til þeirra á þeim vettvangi.

„Í síðareglunum er einnig að finna ákvæði sem ætti að koma til móts við tilmælin um að þingmenn upplýsi um mögulega hagsmunaárekstra við meðferð mála vegna persónulegra



Síðareglur alþingismanna taka gildi í upphafi nýs þings. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

hagsmuna sem þeir kunna að hafa. Því má ætla að íslensk stjórnvöld hafi í raun uppfyllt fern tilmælanna. GRECO þarf þó að staðfesta þá niðurstöðu á fundi sínum síðar á þessu ári,” segir jafnframt í svari ráðuneytisins.

Tilmæli sem lúta að bættri skráningu á fjárhagsupplýsingum þingmanna hafa ekki verið uppfyllt að mati GRECO. Samkvæmt tilmælum GRECO skulu liggja fyrir upplýsingar um eignir þingmanna og framlög sem þeir hafa fengið ásamt upplýsingum um skuldir þeirra, að undanskildum húsnæðislanum og skammtímaskuldum innan eðlilegra marka. Þá eigi að taka til skoðunar að yfirlit um eignir nái einnig til maka og nánustu ættingja þó ekki þurfi nauðsynlega að gera þær upplýsingar opinberar. Alþingi tryggir trúverðuleika þessarar skráningar á fjárhagsupplýsingum með því að fylgja henni betur eftir. Það verði gert með auknu eftirliti, ráðgjöf til þingmanna og viðurlögum gagnvart þeim sem ekki fara eftir reglunum.

Tilmælin eru nú til skoðunar hjá Alþingi, að sögn Helga Bernóðussonar, skrifstofustjóra þingsins. „Uppi eru ýmis sjónarmið meðal þingmanna

Uppi eru ýmis sjónarmið meðal þingmanna um hvort skrá eigi skuldir umfram húsnæðislan og skammtímaskuldir en ríkari andstaða gegn því að skrá hagsmuni maka og ættmenna.

Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis



um hvort skrá eigi skuldir umfram húsnæðislan og skammtímaskuldir en ríkari andstaða gegn því að skrá hagsmuni maka og ættmenna. Mörgum þingmönnum finnst nóg á maka sína og ættmenni lagt með einni saman þátttöku í stjórnmalum.“

GRECO telur uppfyllt tilmæli um að fyrir hendi sé málsskot á ákvörðunum fyrsta stigs ákærvalds vegna rannsóknar mála og einnig tilmæli um að ákvarðanir á fyrsta stigi ákærvaldsins séu teknar með sjálfstæðum og hlutlægum hætti. ibs@frettabladid.is

Omega 3

í sinni hreinustu og öflugustu mynd frá einu hreinasta hafsvæði veraldar.



Sölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.



RENAULT
Passion for life

Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár



KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Aðeins þrettán prósent þeirra sem bjóða heimagistingu með leyfi

FERÐAÞJÓNUSTA Samtök ferðaþjónustunnar eru ekki andsnúin heimagistingu, líkt og boðið er upp á á Airbnb og sambærilegum vefsíðum, segir í yfirlýsingu frá samtökunum. Heldur vilja samtökin að myndadur verði enn skýrari rammi utan um atvinnustarfsemina.

Samtökin hafa bent stjórnvöldum á vaxandi vanda sem snýr að leyfislausri starfsemi í Reykjavík og hafa

tekið þátt í endurskoðun laga iðnaðar- og viðskiptaráðherra um veitingastaði, gististaði og skemmtana-hald sem er fyrir Alþingi.

Í umsögn samtakanna um frumvarpið segir:

„Samkvæmt upplýsingum frá Airbnb eru nánast 4.000 íbúðir eða að minnsta kosti 8.000 herbergi í boði á landinu, aðeins á þeirra vefsíðu. Einnig hefur komið fram

að aðeins þrettán prósent þessara aðila hafa tilskilin leyfi. Af þessum tölum má ráða að að minnsta kosti í Reykjavík sé löglegur gistirekstur kominn í minnihluta ef litið er til fjölda herbergja.“

Samtök Ferðaþjónustunnar benda á að Berlínarborg sé að glíma við svipuð vandamál og sprottið hafi upp í Reykjavík og velta því fyrir sér hvort Reykjavíkurborg

hyggist ekki taka á vandanum og setja skýrari viðmið um hlutfall heimagistingar í miðborginni.

Í frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra er rekstraraðilum íbúðargistingar gert skylt að birta leyfisnúmer starfsemi sinnar í allri sölu og markaðssetningu.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að slíkt muni stuðla að skilvirkara eftirliti og vera mjög til bóta. – kbg



SAF vilja skýran ramma um íbúðagistingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Skjót viðbrögð starfsmanna og sundlaugargesta eru talin hafa bjargað drengnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjargað frá drukknun í Laugardalslaug

SLYS Ungur drengur fannst meðvitundarlaus í Laugardalslaug um hádegisbil í gær.

Skjót viðbrögð sundlaugargesta og starfsmanna laugarinnar eru talin hafa bjargað drengnum, en endurlífgun var hafin þegar sjúkralið og lögregla komu á staðinn.

Drengurinn var fluttur á slysadeild og var líðan hans góð í gær að sögn Loga Friðfinnssonar, forstöðumanns Laugardalslaugar.

Slysið varð undir göngubrú í lauginni og sagði Logi í samtali við Vísi í gær að næstu skref væru að yfirfara myndavélar og verkferla en alltaf sé unnið eftir ákveðinni áætlun í kjölfar slíkra slysa. – gló

Fimmtungur frestar því að fara til læknis

HEILBRIGÐISMÁL Rúmur fimmtungur, 21,9 prósent, hefur frestað því að sækja sér lækniþjónustu sem þörf var á. Þetta kemur fram í könnun Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Könnunin var gerð á síðasta ári og er hlutfallið svipað og í könnun frá árinu 2006 en ástæður þess að einstaklingar leita ekki lækniþjónustu strax þó þörf sé á hafa breyst.

Í fyrri rannsókn sögðu 30 prósent kostnað ástæðuna en í nýju könnuninni sagði 41 prósent kostnaðinn nú ástæðu fyrir frestun þess að leita til læknis. Frá þessu er greint á vef BSRB. – gló

Konur eru líklegri en karlar til að hafa áhyggjur af fjárhagnum

Yfir þriðjungur kvenna hefur áhyggjur af fjármálum heimilis síns en fjórðungur karla. Hagfræðingur segir niðurstöðuna í takt við alþjóðlegar rannsóknir. Sjöttu prósent fólks segjast ekki hafa fjárhagsáhyggjur.

EFNAHAGSMÁL Nærri þriðjungur landsmanna hefur áhyggjur af fjármálum heimilis síns. Konur hafa meiri áhyggjur en karlar. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Breki Karlsson, hagfræðingur og forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, segir að niðurstöðurnar rími við niðurstöður rannsókna hér heima og erlendis. Það bendi til þess að mikil ástæða sé til að fara í áttak til að efla fjármálalæsi, og þá sérstaklega kvenna. „Samkvæmt mínum rannsóknnum og reyndar líka erlendum rannsóknnum þá eru konur yfirleitt í meiri áhættu þegar kemur að fjármálum,“ segir Breki. Víða séu átaksverkefni til að hjálpa konum sérstaklega.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segjast 29 prósent hafa áhyggjur af fjármálum heimilis síns, 66 prósent svara spurningunni neitandi, 3 prósent eru óákveðin og 2 prósent svara ekki. Sé einungis horft til þeirra sem afstöðu taka segjast 30 prósent hafa áhyggjur en 70 prósent segjast ekki hafa áhyggjur. Sé horft til þeirra karla sem afstöðu taka segjast 25 prósent hafa áhyggjur en 75 prósent hafa ekki áhyggjur. Sé horft til kvenna segjast 35 prósent hafa áhyggjur en 65 prósent segjast ekki hafa áhyggjur.

„Það er kannski ekkert óeðlilegt að vera með áhyggjur af fjármálum. Það er alltaf einhver óvissa. Vandamálið er fyrst þegar þær verða íþyngjandi,“ segir Breki. Hann segir rannsóknir benda til þess að staða kvenna í fjármálum sé yfirleitt verri en staða karla. Í könnun hans frá 2014 hafi komið fram að 30 prósent kvenna ættu ekki nægan varasjóð til þess að geta lifað í meira en mánuð, en einungis 21 prósent karla. Þá hafi komið fram að 42 prósent kvenna hafa tekið lán á undanförunum tólf mánuðum til að



Þrír af tíu hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu heimilis síns. Niðurstaðan er sögð í takt við rannsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi


ná endum saman og 34 prósent karla. „Staða kvenna er verri. Þetta er ekki einskorðað við Ísland heldur er þetta alþjóðlegt,“ segir Breki.

Hringt var í 1.161 þar til náðist í 797 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 2. og 3. maí. Svarhlutfall var 68,6 prósent. Spurt var: Hefur þú áhyggjur af fjármálum heimilis þíns? Alls tóku 95 prósent í afstöðu til spurningarinnar. jonhakon@frettabladid.is

Hefur þú áhyggjur af fjármálum heimilis þíns?


Já
30%

Nei
70%



Já

Nei



Já

Nei

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins 2. og 3. maí 2016

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

✉ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)

FRAMÚRSKARANDI AKSTURSUPPLIFUN ER AÐALSMERKI MAZDA



MAZDA3 FRÁ 3.190.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



mazda

Mazda3 er brautryðjandi á marga vegu. Framúrskarandi aksturseiginleikar Mazda halda bílnum límdum við veginn á meðan SkyActiv tæknin tryggir sparneyni án þess að skerða vélarafli. Að keyra Mazda3 er hrein ánægja fyrir þann sem vill algjöra stjórn því stýrissvörunin er frábær og viðbragðið næmt.

Útlit Mazda3 þykir sérstaklega vel heppnað. Útlínur bílsins gæla við augað enda er Mazda3 smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem innblásin er af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígurs.

Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi akstureiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsingakerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

Fáanlegur sjálfskiptur frá 3.590.000 kr.

Komdu og reynsluaktu Mazda3

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýr vefur


brimborg

Öruggur staður til að vera á



NIKE
GK JR MATCH
2.290

ALLT FYRIR
BOLTANN!

BÍLDSHÖFÐA
AKUREYRI
SELFOSSI

INTERSPORT
SPORT TO THE PEOPLE

Mosatætarar

Vandaðir mosatætarar á hagstæðu verði



PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thoris

Gleðiganga í Tókýó



Gleðin við völd þúsundir manna tóku í gær þátt í svokallaðri Regnbogagöngu í Tókýó, höfuðborg Japans. Þar voru mættir fulltrúar samkynhneigðra og annarra kynferðisminnihluta ásamt stuðningsfólki þeirra til að andæfa fordómum og mismunum í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Eldarnir magnast enn

Ekkert lát er á þurrkatið í Alberta. Búið er við að glíman við eldana geti haldið áfram næstu mánuðina. Eldsvæðið hefur þrefaldast að flatarmáli síðustu daga.

KANADA Eldarnir í Alberta í Kanada hafa haldið áfram að magnast dag frá degi. Síðan á föstudag hefur eldsvæðið þrefaldast að flatarmáli og búið er við því að ástandið eigi enn eftir að versna.

Stjórnvöld í Alberta telja allar líkur á að glíman við eldana geti staðið yfir mánuðum saman, enda ekkert lát á þurrkatiðinni.

Miklir hitar eru á þessum slóðum og verulegt hvassviðri gerir ástandið enn verra. Einhver úrkoma var í gær en dugði engan veginn til. Úrhellisrigningu þurfi.

Eldarnir þöktu í gær nærri 3.000 ferkílómetra svæði en náðu á föstudaginn yfir þúsund ferkílómetra.

Þykkur reykur hvílir yfir svæðinu og fólk er hvatt til að halda sig inni eða koma sér í burtu. Sérstaklega er ástandið erfitt fyrir fólk með öndunarferasjúkdóma, sem varað er við því að fara út úr húsi.

Eldarnir hafa eyðilagt meira en 1.600 byggingar í Fort McMurray og á annan tug bygginga í Anzac. 80

3.000

ferkílómetra svæði er nú undirlagt af gróðureldunum í Alberta í Kanada.

Þúsund manns hafa forðað sér frá borginni. Nærri helmingurinn hefur leitað ásjar hjá Rauða krossinum og um fimm þúsund hafa fengið inni í samkomuhúsum meðan stjórnvöld leita að bráðabirgðahúsnæði.

Rachel Notely, forsætisráðherra Albertafyllkis, sagði í gær að öllum íbúum hafi verið forðað úr borginni. Lögreglumenn hafa leitað í borginni að fólki, sem kynni að leynast þar enn og tókst að bjarga nokkrum burt á lífi. Ekki er vitað til þess að eldarnir hafi kostað mannlíf.

Hundrað slökkviliðsmanna hafa barist við eldana og við slökkvistarfið hefur verið notast við 88 slökkvibíreiðar, fimmtán þyrflur og

Eldarnir í Alberta
Eldsvæðið hefur þrefaldast að flatarmáli síðan á föstudag og ekkert lát er á útbreiðslunni.



© GRAPHIC NEWS

tugi flugvéla, sem notaðar hafa verið til að varpa vatni niður á eldana.

Tjónið hefur verið gróflega metið á nærri 10 milljarða kanadadala, eða um 950 milljarða króna.

gudsteinn@frettabladid.is

COMBI-CAMP



Þar sem ferðalagið byrjar



Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®
SEGLAGERÐIN ÆGIR


Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Endalaust 365

ENDALAUS
GSM

1817 | 365.is

365



Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík



Hátindar á ferli Helga San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg

Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala á harpa.is & tix.is



Aukasýning komin í sölu

San Francisco ballettinn,
undir stjórn Helga Tómassonar,
sýnir valda kafla úr nokkrum af
dádustu verkum flokksins ásamt
Sinfóníuhljómsveit Íslands
á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 31. maí
í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Styrktaraðilar viðburðar



Orðið að átökum 20. og 21. aldarinnar

Stjórnmálafræðiprófessor segir forsetaframboð Davíðs Oddssonar eins og sprengju inn í komandi kosningar. Ólafur Ragnar Grímsson gefur því undir fótinn að víkja til hliðar. Framboð Davíðs sagt geta gagnast Guðna Th. Jóhannessyni og Andra Snæ Magnasyni.

Stefán Rafn
Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is



Davíð Oddsson, ritstjóri og fyrrverandi forsætisráðherra, hefur fleygt hatti sínum í hringinn í baráttunni um Bessastaði. Þetta tilkynnti hann í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Hann segist hafa tekið ákvörðunina fyrir örfáum dögum og gat ekki svarað því með vissu hvort framboð Ólafs Ragnars, sitjandi forseta, hefði haft áhrif á hans eigið framboð.

„Ég get ekki svarað þessu með afgerandi hætti vegna þess að það er svo stutt síðan ég fór eiginlega að láta þetta mál ná einhverjum tökum á mér,“ sagði hann.

Davíð segir að hann bjóði sig meðal annars fram vegna reynslu sinnar og til að bjóða upp á meiri fjölbreytileika í kosningunum.

„Ég tel að það mætti hafa einum fleiri rétti á forsetaframboðsmatseðlinum og ég gæti kannski passað þar inn í,“ sagði Davíð. „Bæði reynsla mín og þekking sem er nokkur gæti fallið vel að þessu starfi.“

Stigur Ólafur til hliðar?

Þá var Ólafur Ragnar Grímsson, sitjandi forseti, í viðtali á Eyjunni á Stöð 2. Hann gat ekki svarað því hvort hann yrði á kjörseðlinum í sumar eftir að nýleg framboð litu dagsins ljós.

Eiríkur Bergmann, stjórnmálafræðiprófessor við Háskólann á Bifröst, segir framboðið sprengju inn í kosningarnar. „Þar til maður sér einhverjar tölur er svolítið erfitt að átta sig nákvæmlega á þessu. Maður gerir ráð fyrir að Ólafur og Davíð taki fylgi hvor frá öðrum,“ segir Eiríkur og gefur sér að Ólafur Ragnar verði enn í framboði en

[Ólafur Ragnar] myndi ekki opna á þetta svona nema að hann sé að fara að hallast að þeirri niðurstöðu að draga sig í hlé.

Eiríkur Bergmann,
prófessor í stjórnmálafræði



Eiríkur getur ekki spáð um hvort Ólafur viki.

„Hann myndi ekki opna á þetta svona nema að hann sé að fara að hallast að þeirri niðurstöðu að draga sig í hlé,“ segir hann.

„Vendingar íslenskra stjórnmála undangenginn misseri hafa verið svo ótrúlegar. Það er ekkert í framboði Davíðs Oddssonar efnislega sem ætti að breyta afstöðu Ólafs Ragnars til sins framboðs. Báðir leggja þeir ofuráherslu á reynslu, það er að segja flokkspólitíska reynslu, en það er nýtilkomin röksemd um forsetaembættið.“

Gott fyrir Guðna og Andri aftur í leikum

Eiríkur metur það sem svo að framboð Davíðs sé gott fyrir Guðna Th. Jóhannesson, „Í fyrsta kasti myndi ég halda að þetta væri gott fyrir Guðna. Davíð Oddsson sækir eflaust megnið af sínu fylgi inn í raðir Ólafs og þá verðum við að gefa okkur að Ólafur haldi áfram.“

Eiríkur segir Andra Snæ Magnason hafa verið kominn út í horn eftir framboð Guðna Th. Nú þegar Davíð sé kominn fram gæti hagurinn vænkast hjá Andra. „Hann var kominn út í horn í þessu framboði sem snerist um Guðna og Ólaf. Sú mynd sem blasti við okkur var sú að hann ætti enga möguleika. Þessi staða gæti sett hann inn í myndina aftur þar sem atkvæðin fara að dreifast meira.“

Kynslóðirnar berast á banaspjót

Þá segir Eiríkur stefna í átök á milli 20. og 21. aldar í komandi forseta- kosningum. „Þar er önnur víglína. Ólafur Ragnar og Davíð Odds-



Davíð Oddsson fyrir utan höfuðstöðvar 365 í Reykjavík í gær. Hann tilkynnti um framboð sitt til forseta í viðtali á Sprengisandi Bylgjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

son eru andstæðir pólar íslenskra stjórnmála á 20. öldinni. Nú stilla þeir sjálfum sér upp nánast hlið við hlið í þessum kosningum. Reynslan gegn nýgræðingunum,“ segir hann. „Þeir eru líka fulltrúar hinna íslensku stjórnmálaflökka sem hinir frambjóðendurnir virðast ekki vera í sama mæli.“

Er framboð Ólafs og Davíðs til höfuðs Pirötum sem hafa mælst vel í skodanakönnunum?

„Ég veit það nú ekki en það er klárt að þeir hafa báðir stíllt sér upp sem andstæðingar róttækra þjóðfélagsbreytinga eins og boðaðar eru í nýrri stjórnarskrá og með rannsóknarskýrslu Alþingis.“

www.volkswagen.is

Heimilis
GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur



HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

Nýr Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíli á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukkið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy
kostar frá

2.670.000 kr.

(2.135.226 kr. án vsk)



Atvinnubílar

SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

Nú vinnum við! Óskum Grétu Salóme góðs gengis



65" Samsung JS9005

Eurovision verðlækkun kr. 110.000,- Nú kr: 539.900.-



55" Samsung JU8005

Verð áður kr. 379.900,- Nú: 329.900.-



55" Samsung JU6075

Verð áður kr. 239.900,- Nú: 189.900.-



R3
WAM3500

30% afsláttur
af MultiRoom hátölurum og Soundbar
bæði bognum og beinum



HW-J8511

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

Öryggisventlar á óvissutímum



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

S á sem dár fortíðina missir tókin á nútím-anum.“ Það er ekki laust við að þessum ágæta málshætti hafi skotið upp í hugann við atburði gærdagsins. Dagurinn hófst á Sprengisandi Bylgjunnar með því að Davíð Oddsson, fyrrverandi borgarstjóri, forsætisráðherra, aðalbankastjóri SÍ og núverandi ritstjóri Morgunblaðsins, tilkynnti um framboð sitt til forseta Íslands. Efalítið kemur þetta mörgum á óvart en það þarf ekki að koma nokkrum manni á óvart að Davíð telur að fyrst að hann sé kominn fram þá þurfi fólk aðeins að velja á milli hans og sitjandi forseta. Aðrir framboð- endur eigi því þarna lítið erindi en mikið erfiði.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og enn forsetaframboðandi þegar þessi orð eru skrifuð, mætti svo í Eyjuna á Stöð 2 og fór fögrum orðum um Davíð Oddsson en svaraði engu um það hvort hann ætlaði sér að vera áfram í framboði í ljósi atburða dagsins. Það kæmi þó ekki á óvart ef Ólafur Ragnar tilkynnti um það á næstunni að hann væri hættur við enda er kominn framboðandi sem virðist deila áhyggjum hans af einhverri skelfingar óvissu um framtíðina. Óvissan virðist helst eiga rætur sínar að rekja til fjölmennustu mótmæla Íslandssögunnar, til boðaðra alþingiskosninga með haustinu og að ógleymdri röskun á valdajafnvægi gömlu flokkanna samkvæmt könnunum. Ekkert af þessu snerist þó um forsetaembættið, störf sitjandi forseta, ritstjóra Morgunblaðsins eða fyrrverandi forsætisráðherra. Heldur snerist þetta um þjóð sem vill breyta samfélagi sínu til betri vegar með því að losna undan oki stjórnmála þar sem hagsmunatengsl og hreppapólitik hafa ráðið för áratugum saman. Ekkert af þessu ætti heldur að verða að óyfirstíganlegu verkefni fyrir hverja þá manneskju sem þjóðin velur til forseta í sumar.

Öll þessi óvissa virðist þó valda þeim Davíð og Ólafi Ragnari umtalsverðum áhyggjum. Að sama skapi verður þeim svo tíðrætt um fortíðina og hversu vel þeir hafi nú staðið sig í hinum og þessum þjóð- þrifamálunum á sínum tíma. Margt af því er efalítið satt, rétt og þakkarvert en því er ekki að neita að ekki var það allt jafn vel heppnað og aðáunarvert svona eftir á að hyggja. Enda ætlar þjóðin ekki að ganga að kjörborðinu í júní til þess að kjósa sér forseta til fortíðar heldur framtíðar. Framtíðar sem er eðli málsins samkvæmt full af óvissu sem þjóðin hlýtur að taka fagnandi og sem tækifæri til þess að byggja hér betra samfélag.

Það er fallega boðið af þeim Davíð og Ólafi Ragnari að bjóðast til þess að vera öryggisventlar á þessum óvissutímum en þá þurfa þeir eins og aðrir Íslendingar að fara að líta til framtíðarinnar. Þangað til það gerist þá getum við hin bara sagt nei, nei, nei, nú er þessi tími liðinn.



Enda ætlar þjóðin ekki að ganga að kjörborðinu í júní til þess að kjósa sér forseta til fortíðar heldur framtíðar.

Halldór



Frá degi til dags

Kirkjugarðar heimsins

Andri Snær Magnason forsetaframboðandi segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að framundan sé ljóðsögulegar forsetakosningar eftir að Davíð Oddsson steig inn í hringinn. Hann hefur vafalaust rétt fyrir sér að hér verður um sögulegar kosningar að ræða, sér í lagi þar sem tveir gamalgrónir risar muni keppa og þar munu mættast stálin stinn. Andri sagði líka að hann ætti ekki von á að risar fortíðar kæmu arkandi inn á völlinn. Fjölmargir eru þreyttir yfir langri veru Ólafs og Davíðs í stjórnmálum en pistlahöfundur er efst í huga eftirfarandi textabrot eftir Magga Eiríks: „Ófmetnastu ekki af lífsins möðurmjólk, kirkjugarðar heimsins geyma ómissandi fólk.“

Hættur við að hætta við að hætta?

Árið 2016 hlýtur að teljast eitt sögulegasta ár íslenskrar stjórnmálasögu og enn er árið ekki hálfnað. Gærdagurinn er einn þeirra sem byggja þessa sögu. Eftir að framboð Davíðs var orðið dagljóst gat Ólafur Ragnar ekki svarað því með festu hvort hann yrði í framboði í sumar. Hvað veldur því að reynslumesti og einn vinsælasti stjórnmálamaður Íslands og jafn sjálfsöruggur maður og Ólafur Ragnar standi ekki fast á sínu? stefanrafm@frettabladid.is

Öll 18 mánaða börn á leikskóla



Skúli Helgason
formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

Það er stefna meirihluta Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata í Reykjavík að auka þjónustu við fjölskyldur yngri barna þannig að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað á komandi árum. Við náðum mikilvægum áfanga á dögnum þegar borgarráð samþykkti tillögu skóla- og frístundasviðs um að bjóða öllum börnum sem fædd eru í janúar og febrúar 2015 innritun á leikskólum borgarinnar frá og með haustinu.

Reglur borgarinnar hafa kveðið á um að öll börn innritist á leikskóla árið sem þau verða tveggja ára en í ágúst næstkomandi getum við í fyrsta sinn boðið öllum börnum sem eru 18 mánaða og eldri leikskólalátt. Þar kemur m.a. til að stóru fæðingarárgangarnir eftir hrun eru að færast upp í grunnskólana og meira jafnvægi að skapast varðandi stærð árganga á leikskólaláttinu. Þessu fylgir að nú er hægt að finna laus leikskólalátt í hverfum þar sem áður hafa verið langir biðlistar, s.s. í vesturbænum.

Það mun koma í ljós á næstu vikum hvort öll börn fædd í janúar og febrúar 2015 þiggja þau leikskólalátt sem þeim standa til boða og þá skýrist myndin af því hvort hægt verði að bjóða enn yngri börnum látt í haust. Vilji okkar stendur til þess en frekari skref í þá veru kalla á viðbótarfjármagn úr borgarsjóði.

Brúum bilið frá fæðingarorlofi

Í samstarfsáttmála meirihlutans segir að áætlun verði unnin um að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla og tekna upp viðræður við ríkið og Alþingi um að ná því markmiði. Nú liggja fyrir tillögur starfshóps um lengingu fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í 12 og er mikilvægt að stjórnmálaflokkarnir styðji þau áform í aðdraganda þingkosninga í haust. Samfylkingin hefur talað fyrir því um árabíl og mun beita sér af krafti í þeirri baráttu.

Framundan er vinna á vegum borgarinnar við að móta áætlun um fjölgun leikskólaláttanna fyrir börn yngri en 18 mánaða. Það verður eitt mikilvægasta fjárfestingarverkefni næstu ára í Reykjavík.



ÞRÓUÐ Í SAMVINNU VIÐ



Bilalítið
BENNA
590 2045 | BENNI.IS

NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS

Hringadróttinssaga

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Ólafur Ragnar og Davíð telja að íslenska þjóðin muni ekki spjara sig án þeirra. Nærtækara væri að segja að íslenska þjóðin muni ekki spjara sig nema án þeirra.

Það er ekki vegna þess að þeir séu gamlir skröggar. Gamlir skröggar eru oft ágætir og sjálfur hef ég verið einn slíkur frá að minnsta kosti sjö ára aldri. Og það eiga ekki að vera aldurstakmörk á því að bjóða fram krafta sína í opinberri þjónustu. Bæði Donald Trump og Hillary eru eldri en Davíð – að ekki sé talað um fulltrúa ungu kynslóðarinnar, Bernie Sanders, sem er enn eldri. Þetta segir að vísu sína sögu um ógöngur bandarískra stjórnmála en hins vegar er óvarlegt að útiloka fólk frá ábyrgðarstöðum á þeim forsendum að það sé á tilteknum aldri. Gott ef það er ekki einn vandi alþingis að þar vantar gamalt fólk – og raunar ungt líka; þar eru þau öll um fertugt og fimmtugt.

Vald-aldur

Þetta snýst ekki um aldur þessara manna heldur um feril þeirra, erindi þeirra við nútímann, eða öllu heldur framtíðina. Þetta snýst um það Ísland sem þeir standa fyrir þeir Davíð og Ólafur Ragnar – það Ísland sem þeir færðu okkur. Og hafa margt gert vel, mikil ósköp, og annað síður.

Þetta snýst um vald. Þetta snýst um það hversu lengi þeir hafa setið að völdum – lengi lengi lengi. Þetta snýst ekki um aldur

þessara manna heldur vald-aldur. Hversu ráðríkir þeir hafa verið nú um áratuga skeið, rúmfrekir, valdsæknir. Og hvernig þeir hafa farið með það vald sem þeim hefur verið falið – og þeir hafa sótt sér. Þetta snýst um eðli valdsins í lýðræðisríki.

Það er ekki tilviljun að reglan er sú í lýðræðisríkjum að forsetar skuli ekki sitja lengur en tiltekinn tíma. Fyrir því eru ýmsar ástæður, meðal annars sú hugmynd að mikilvægt sé að samfélög endurnýji sig reglulega en staðni ekki, með því meðal annars að fela ólíkum einstaklingum úr ólíkum áttum vald.

Það er líka almennt talið í lýðræðisríkjum að einstaklingum sé ekki hollt að vera í valdastöðum of lengi, valdið spilli þeim, brengli hugsunarhátt þeirra, verði að sjálfstæðu afli í þeim sem leitist við að viðhalda sjálfu sér. Á sama hátt er talið að það sé samfélagi hættulegt að tilteknir einstaklingar fái of mikil völd of lengi.

Við höfum séð hvernig Ólafur Ragnar hefur alla sína forsetatíð leitast við að færa út valdsvið forsetaembættisins og hvernig hann notaði það og virðingu þess til að greiða götu fjárglæframanna víða um lönd – og reyndar manna sem Davíð hafði séð til þess að fengju bankana í sínar hendur. Við þekkjum skapferli Davíðs, heift hans og hefnigirni. Við þetta hefur svo bæst ný tilhneiging til hegðomaskapar. Um daginn var Morgunblaðið, sem hann ritstýrir, notað undir margra blaðsíðna hyllingu á honum að norðurkóreskum hætti, sem skrifuð var af helsta skjallara hans gegnum tíðina, og hann meðal annars sagður hafa fært Íslendingum epli utan jólanna, aukinheldur önnur nútímagæði. Það væri skrytín tilfinning að fá fyrir forseta mann sem lætur skrifa þvilíkt og annað eins um sjálfan sig.

Hringurinn eftirsóknarverði

Báðir eiga þeir Ólafur Ragnar og



Það er ekki vegna þess að þeir séu gamlir skröggar. Gamlir skröggar eru oft ágætir og sjálfur hef ég verið einn slíkur frá að minnsta kosti sjö ára aldri. Og það eiga ekki að vera aldurstakmörk á því að bjóða fram krafta sína í opinberri þjónustu.

Davíð mikinn og merkilegan feril að baki en nú er löngu mál að linni; þeirra Ísland er samfélag kvótakerfis og kvótaframsals – þar sem þeir komu báðir við sögu – samfélag auðræðis og undanskota; þetta er samfélag valdhuggju og klikuskapar þar sem gæðum var ótæpilega útdeilt til útvalinna samkvæmt ströngu en óskráðu kerfi. Þetta er samfélag karlræðis og bakherbergja, og báðir standa þeir vörð um óbreytt fyrirkomulag í flestum þeim málum sem varða mestu um kjör almennings og kannski framtíðarbyggð í landinu. Þeir eiga líka sameiginlega einkennilega óbeit á opinni umræðu og óháðri fréttamennsku.

Kannski að það sé einn mælikvarði á það hvernig við veljum okkur forseta: hvort viðkomandi treysti sér í viðtal við fréttamenn RÚV.

Og kannski er annar mælikvarði: þráin eftir valdinu. Um eittrað samspil valds og einstaklinga hafa verið skrifaðar ótal bækur, til dæmis Hringadróttinssaga Tolkiens: hringurinn eftirsóknarverði er einmitt forsetaembættið. Þegar við göngum að kjörborðinu þurfum við að sjá fyrir okkur hver er Hobbittinn hér sem við gætum treyst til að bera þennan hring næstu misserin – og láta hann sjálfviljugur af hendi eftir í mesta lagi tólf ár.

Ný kynslóð bíður



Óskar Steinn Ómarsson ungur jafnaðarmaður

Andi breytinga svifur yfir vötnum í Samfylkingunni. Í lok þessa mánaðar hefst raf-ræn allsherjaratkvæðagreiðsla um formann flokksins og á landsfundi í byrjun júní veljum við nýja forystu. Stefnumótunin á landsfundi verður einnig með óhefðbundnum hætti. Unnið verður áfram með afrakstur hugmyndasmiðja í þjóðfundar-fyrirkomulagi sem tryggir að skoðanir allra fái að heyrast.

Þær breytingar sem eiga sér nú stað á forystu og starfsháttum Samfylkingarinnar eru nauðsynlegar. Grásróttin hefur lengi verið vanrækt og upplifun margra er að ákveðin gjá hafi myndast milli þingflokks


og grásróttar. Það er ekki skritið ef litid er til þess að engin endurnýjun varð í þingliði Samfylkingarinnar í síðustu alþingiskosningum. Það liggur á að eðlileg endurnýjun eigi sér stað. Miðað við fylgi flokksins í skoðanakönnunum mun það ekki gerast af sjálfu sér.

Ný kynslóð jafnaðarmanna stendur á kantinum og bíður eftir tækifæri til að láta ljós sitt skína. Vilji Samfylkingin lifa af sem stjórn málafl verða núverandi þingmenn flokksins að búa til pláss fyrir ný andlit. Annars er hætt á að það fjari enn frekar undan grásróttinni og fleiri öflugir einstaklingar finni hugmyndum sínum farveg á öðrum vettvangi, jafnvel í öðrum stjórn málaflökum. Ég vil leggja til að sitjandi þingmenn Samfylkingarinnar taki ekki oddvitasæti á framboðslistum fyrir næstu þingkosningar. Með því er hægt að tryggja að nauðsynleg endurnýjun verði í þingflokki Samfylkingarinnar.



Vilji Samfylkingin lifa af sem stjórn málafl verða núverandi þingmenn flokksins að búa til pláss fyrir ný andlit.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGÞJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855

www.husfelag.is

husfelag@husfelag.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunudaga 9.00 - 16.00



Gunnar Nelson var í miklu stuði í búrinu í gær og hér fær Tumenov að kenna á þungu sparki frá Gunnari. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þetta var stórsigur fyrir mig

Gunnar Nelson sýndi líklega sína bestu frammistöðu í UFC-bardaga í Rotterdam í gær er hann vann glæsilegan sigur á Rússanum Albert Tumenov. Gunnar var með yfirburði allan bardagann og vann sannfærandi.

MMA „Mér líður alveg ljómandi vel. Það er eiginlega ekki annað hægt. Þetta gekk glimrandi vel,“ segir Gunnar Nelson en hann var þá nýbúinn að vinna Rússanum Albert Tumenov í UFC-bardaga í Rotterdam.

Gunnar bauð upp á frábæra frammistöðu í bardaganum og kláraði Rússanum á uppgjafartaki í annarri lotu. Frá fyrstu sekúndu var Gunnar mjög beittur. Mætti rússneska rotaranum standandi. Var gríðarlega hraður og lét högginn dynja á Rússanum.

Mjög erfiður bardagi

Hann tók hann svo niður í strigann um miðja lotuna og héldu þá margir að ballið væri búið. Rússinn náði aftur á móti að standa á fætur þegar hálf mínúta var eftir af lotunni og framlengja bardagann.

Tumenov ætlaði að svara fyrir sig í annarri lotu en Gunnar var

kominn á bragðið. Sjálfstraustið í botni. Gunnar kom Tumenov aftur niður í gólfið og að þessu sinni var engin undankomuleið. Er 1,45 mínútur voru eftir af lotunni gafst Rússinn upp er Gunnar var kominn með aðra höndina undir hálsinn á honum.

„Þetta var mjög erfiður bardagi. Það var mikil orka í þessum bardaga. Það er mismunandi eftir bardögum hversu mikið menn slaka á og svona. Það var mikil spenna allan bardagann á milli okkar,“ segir Gunnar og bætir við að bardaginn hafi gengið eins og hann sá hann fyrir sér.

Gekkt allt upp

„Planíð var að mýkja hann aðeins. Vera hraður og hreyfanlegur. Lesa hann og taka hann svo niður. Ég ætlaði svo að klára hann í gólfinu. Ég sá það fyrir mér sem plan A án þess að ég sé mikill planari.“

Þó að Rússinn sé hættulegur rotari lá Gunnari ekkert á að taka hann niður í gólfið. Hann vildi fá tilfinningu fyrir honum fyrst. Gunnar náði svo yfirburðastöðu í gólfinu í fyrstu lotu en náði ekki að klára dæmið þá.

„Ég var smá full út í sjálfan mig að hafa misst jafnvægið og hann. Það var klaufalegt fannst mér. Hann gerði ekkert sérstakt til að losa sig. Ég dottaði í sekúndubrot. Það gerist ekki aftur,“ segir Gunnar ákveðinn en honum leið mjög vel í bardaganum.

Alltaf leiðinlegt að tapa

Þó að Gunnar hafi unnið mjög sannfærandi þá fékk hann smá skurð við annað augað í bardaganum.

„Ég held að ég hafi fengið þennan skurð er hann setti puttana á fullu í andlitið á mér. Ég fékk fingurinn inn í augað og sá frekar

illa með auganu í smá tíma á eftir.“

Gunnar fékk víða hrós á internetinu eftir bardagann og sumir af helstu MMA-sérfræðingum heims sögðu að þetta hefði verið hans besta frammistaða í UFC.

Tumenov er hörkugæi

„Ég á eftir að horfa á hann aftur áður en ég get tjáð mig almennilega um það. Þetta var mjög gott. Þetta er hörkugæi sem ég mætti. Á bjarta framtíð fyrir sér og á flugi. Þetta var stórsigur. Það er engin spurning,“ segir Gunnar en hann hefur hug á að berjast aftur fljótlega en fyrst ætlar hann í fri og svo beint að æfa aftur.

„Það er yfirleitt þannig eftir bardaga að fargi er af manni létt. Það hefði verið leiðinlegt að tapa tvisvar í röð. Það er reyndar alltaf leiðinlegt að tapa. Það var frábært fyrir mig að þetta skildi enda svona.“

henry@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Man. City	2–2 Arsenal
Liverpool	2–0 Watford
Tottenham	1–2 Southampton
Leicester	3–1 Everton
West Ham	1–4 Swansea
Aston Villa	0–0 Newcastle
Bournemouth	1–1 WBA
C. Palace	2–0 Stoke
Sunderland	3–2 Chelsea
Norwich	0–1 Man. Utd

Efst

Leicester	80
Tottenham	70
Arsenal	68
Man. City	65
Man. Utd	63

Neðst

Bournem.	42
Sunderland	35
Newcastle	34
Norwich	31
Aston Villa	16

Pepsi-deild karla í fótbolta

FH - ÍA 2-1

1-0 Bjarni Þór Viðarsson (41.), Jón Vilhelm Ákason (82.), 2-1 Atli V. Björnsson (87.).

Fylkir - Breiðablik 1-2

0-1 Arnþór Ari Atlason (12.), 1-1 Albert Brynjar Ingason (29.), 1-2 Damir Muminovic (81.).

Próttur - KR 2-2

1-0 Dion Acoff (17.), 1-1 Óskar Örn Hauks-son, víti (45.), 2-1 Emil Atlason (70.), 2-2 Kennie Knak Chopart (80.).

Víkingur R. - Stjarnan 1-2

1-0 Alex Freyr Hilmarsson (10.), 1-1 Baldur Sigurðsson (58.), 1-2 Halldór Orri Björnsson (68.).

Víkingur Ó. - Valur 2-1

1-0 Hrvoje Tokic (23.), 1-1 Rolf Toft (42.), 2-1 Hrvoje Tokic (75.).

Fjölnir - ÍBV 2-0

1-0 Martin Lund Pedersen (73.), 2-0 Martin Lund Pedersen (83.).

Ólis-deild karla og kvenna:

Haukar - Afturelding 31-34

Haukar: Adam Baumruk 10 (13), Hákon Styrmisson 7/2 (12/4), Janus Smáráson 7/1 (15/1), Heimir Óli Heimisson 3 (3).

Afture.: Mikk Pinnonen 10 (17), Jóhann G. Einarsson 5 (6), Árni Eyjólfsson 5/1 (11/2).

Staðan í einvignu er 1-0 fyrir Aftureldingu.

Gróttta - Stjarnan 25-21

Gróttta: Lovisa Thompson 5 (10), Sunna Einarsdóttir 5/3 (6/3), Eva Davíðsdóttir 4 (5)

Stjarnan: Þórhildur Gunnarsdóttir 4 (7), Hanna G. Stefánsdóttir 4/1 (6/3).

Staðan í einvignu er 1-0 fyrir Grótttu.



15% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í maí



Lyfjauglysing

www.lyfja.is

Fyrir þig
í Lyfju

Voltaren®
Gel

Farseðladagur hjá Lars og Heimi

FÓTBOLTI Það verða einhver brostin hjörtnu hjá landsliðsmönnum í knattspyrnu í dag þegar landsliðspjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tilkynna EM-hópin sinn.

Blaðamannafundur þeirra Lars og Heimis er klukkan 13.15 í dag. Þeir munu velja 23 leikmanna hóp og svo verða einhverjir leikmenn beðnir um að vera í biðstöðu út mánuðinn. Einhverjir í hópnum gætu meiðst og þá þarf að skipta öðrum inn í hópinn.

Landsliðið er búið að spila fimm vináttulandsleiki á þessu ári þar

sem margir leikmenn hafa fengið tækifæri til þess að láta ljós sitt skína. Sumir hafa nýtt það tækifæri vel en aðrir síður vel.

Það er ljóst að baráttan um farseðlana 23 er afar hörð á milli nokkurra leikmanna og ekki munu allir komast til Frakklands sem telja sig eiga erindi þangað.

Einnig má búast við því að Lars Lagerbäck gefi það út á þessum fundi hvort hann hafi í hyggju að stýra íslenska landsliðinu áfram eður ei.

Samningur Lars við KSÍ rennur út eftir EM í sumar og Geir Þorsteins-

son, formaður KSÍ, hefur ekki farið leynt með þann vilja sinn að Lars og Heimir haldi áfram með liðið í næstu undankeppni.

„Ég verð að ákveða mig áður en EM byrjar og ég þarf að svara því í byrjun maí, í allra síðasta lagi,“ sagði Lars á blaðamannafundi um miðjan mars.

Búið var að ganga frá því að Heimir Hallgrímsson haldi áfram sem aðalþjálfari liðsins eftir EM og Heimir hefur tekið ágætlega í það að halda áfram með Lars verði það vilji Svíans að halda áfram starfi sínu fyrir KSÍ. – hbg



Sposkír. Þjálfararnir hafa eflaust legið vel og lengi yfir leikmannamálunum síðustu daga en þurfa að velja 23 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Berglind Íris í leik með Val.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Berglind framlengdi

HANDBOLTI Berglind Íris Hansdóttir hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við handknattleiksdeild Vals en þetta kemur fram á Facebook-síðu Vals.

Berglind nálgast 400 leiki með meistaraflokki Vals auk þess að hafa spilað 105 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Hún hefur unnið fjöldann allan af titlum með Val og var kjörin Íþróttamaður Vals árið 2004. Berglind spilaði vel fyrir Val á tímabilinu og „mikið ánægjuefni að hún hafi ákveðið að framlengja samning sinn við félagið, enda er hún í allra fremstu röð íslenskra handboltakvenna,“ segir í tilkynningu Vals.

– sáþ



Alexis Egea mættur í nýjan búning.
MYND/VÍKINGUR Ó

Ólsarar styrkja sig

FÓTBOLTI Pepsi-deildarliðið Víkingur Ólafsvík hefur náð samkomulagi við miðvörðinn Alexis Egea um að hann spili með félaginu í sumar.

Alexis kemur til liðsins frá Orihuela CF sem spilar í spænsku 3. deildinni en hann er fæddur árið 1987. Hann hefur komið víða við og spilaði áður í 2. deildinni í Mexíkó sem og í Gvatemala.

Alexis kemur til með að fylla skarð Admir Kubat sem sleit krossband fyrir í vetur. Leikmaðurinn er mættur til landsins en var ekki kominn með leikheimild þegar Víkingur spilaði gegn Val í gær en verður líklegast í hópnum gegn ÍBV í næstu umferð. – sáþ



VIÐ ERUM
lífræn verðun

Lífrænar matvörur • Fæðubótarefni • Vistvænar vörur

Fræið er sérdeild Fjarðarkaupa með heilsuvörur. Þar er gott úrval af lífrænum matvörum, vistvænum vörum og fæðubótarefnum.

Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.

Fræið
FJARÐARKAUP

Verið velkomin í Fjarðarkaup

ÓPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1874 - Fyrsti strætisvagninn lítur dagsins ljós. Hann var dreginn um af hestum á götum Múmbai.

1877 - Villtavesturssýning Buffalo-Bills tekur til starfa í Lundúnum.

1901 - Þingið í Ástralíu tekur til starfa í Melbourne.

1936 - Ítalía innlimar Eþíopíu eftir að hafa hertekið höfuðborgina, Addis Ababa, 5. maí.

1941 - Breski flotinn tekur þýska kabátinn U-110 og finnur þar um borð dulkóðunarvélinu Enigma. Vélin var síðar notuð af breskum dulkóðurum til að komast yfir þýskar skeytasendingar.

1950 - Robert Schuman, utanríkisráðherra Frakklands, leggur fram drög að Schuman-yfirlýsingunni um samstarf Evrópuríkja. Yfirlýsingin er talin hafa verið upphaf Evrópusambandsins og Schuman gjarnan kallaður faðir Evrópusambandsins.

1955 - Vestur Þýskaland gengur til liðs við Atlantshafsbandalagið.



1970 - Rapparinn Ghostface Killah fæðist.

1974 - Bandaríkjaþing hefur formlega vantraustsferli gagnvart Richard Nixon Bandaríkjaforseta vegna Watergate-hneykslismálsins.



Friða Björk Arnardóttir tók við sem framkvæmdastjóri 1. febrúar síðastliðinn. Þar áður hafði hún starfað í stjórninni í sex ár og verið formaður stjórnar í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjögur hundruð fjölskyldur í Neistanum

Haldið verður upp á 21 árs afmæli Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, með sundferð í dag. Í næstu viku verður svo haldið upp á tvítugsafmæli Styrktarsjóðs hjartveikra barna, sem Neistinn stendur á bak við, með pomp og prakt á Barnaspítalanum.

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, fagnar 21 árs afmæli í dag. Styrktarsjóður hjartveikra barna, sem Neistinn stendur á bak við, fagnar svo tvítugsafmæli þann 15. maí. Framkvæmdastjóri Neistans segir félagið ómetanlegan stuðning fyrir börn og ungmenni með hjartagalla og fjölskyldur þeirra. Hún segir félagið vaxa og dafna með hverju ári, en í dag eru rúmlega fjögur hundruð fjölskyldur í félaginu.

„Neistinn styrkir fjölskyldur barna og ungmenna með hjartagalla bæði félagslega og fjárhagslega. Við reynum að aðstoða við að upplýsa þau um allt sem viðkemur hjartagöllum og meðferð þeirra,“ segir Friða Björk Arnardóttir, framkvæmdastjóri Neistans.

